



Grunnskóli Hornafjarðar

Valhefti fyrir smiðjur og val í 10. bekk veturinn 2017 - 2018



Þetta valhefti er fyrir nemendur sem verða í 10. bekk næsta vetur. Eftir því sem nemendur eldast er lögð áhersla á að auka val í samræmi við þroska þeirra og getu. Þannig gefst nemendum kostur á að dýpka skilning sinn á ákveðnum viðfangsefnum um leið og þeir efla ábyrgð sína á eigin námi. Þeir og foreldrar þeirra eru því beðnir að kynna sér vel innihald bæklinga síns.

Í 10. bekk geta nemendur ekki einungis valið milli smiðja heldur geta þeir sem hafa náð tilskildum árangri í ákveðnum bóklegum greinum einnig valið um að stunda bóklegt nám í FAS. Gerð er krafa um að nemendur sem velja bóklegt val í FAS hafi A meðaleinkunn í vor og lokið námsefni 10. bekkjar sé um grein að ræða sem kennd er á báðum skólastigum.

Smiðjur

Nemendum í 9. og 10. bekk gefst færi á að vera í sex smiðjutímum á viku. Hver smiðja stendur í 8 – 9 vikur og komast nemendur því í fjórar smiðjur yfir veturinn. Í boði er heimilisfræði, leiklist, myndmennt, smíðar, textílmennt, tölvur og Fab-Lab. Hér verða talin upp viðfangsefni í öllum þessum greinum og eru nemendur beðnir að velja **fjögur viðfangsefni sem þeir merkja númer eitt, fjögur sem þeir merkja númer tvö og fjögur sem þeir merkja númer þrjú**. Reynt er að láta fyrsta val ganga upp hjá öllum en hugsanlega gengur það ekki upp og því er hitt til vara. Það er mikilvægt að nemendur ígrundi val sitt vel og séu reiðubúnir að fara í allt sem þeir velja. **Athugið það má velja sömu smiðjuna oftari en einu sinni.**

Heimilisfræði

Almenn matreiðsla

Unnið með almenna þætti matreiðslu s.s. hvernig á að elda og meðhöndla flest venjuleg matvæli. Nemendur elda ýmiss konar mat og fá einnig tækifæri til að koma með uppáhaldsuppskriftir að heiman.

Matur og menning

Nemendur elda og baka úr ýmsu hráefni. Einnig verður rætt um hefðir og siði í matargerð úr ýmsum heimshlutum.

Kökur, brauð og ábætisréttir

Hér er stiklað á stóru í brauðgerð og girnilegum kökum og fljótlegum eftirréttum.

Heilsuefning og heimilislegur matur

Nemendur leyfa sköpunargleðinni að njóta sín við að elda einfaldan heimilislegan mat þar sem hollusta og fjölbreytni er í fyrirrúmi.

Leiklist

Frá handriti á svið

Sett verður upp leikrit þar sem nemendur fara í alla þætti leikhúsvinnunnar. Þessa smiðju geta þeir valið sem hafa áhuga á tæknivinnu í leikhúsi, svo sem ljósum ofl. Sett verður upp leikrit úr smiðju Þjóðleiks. Unnið verður eftir skóla síðustu þrjár vikurnar. Leikritið verður frumsýnt og sýndar nokkrar sýningar.

Semjum leikrit.

Sett saman leikverk, að frumkvæði nemenda og það sýnt í lok smiðjunnar. Nemendur semja texta og vinna sínar persónur. Þemað verður „UNGLINGURINN”.



Trúðleikur

Nemendur finna trúðinn í sjálfum sér. Allir eiga sinn innri trúð. Þeir sem velja þessa smiðju fara í grunnatriðin í trúðleik. Þar er leikurinn háður nokkrum reglum sem nemendur læra. Síðan eru búin til atriði sem farið verður með á leikskólana og sýnd þar eða verða flutt í Sindrabæ.

Námsmat í leiklist

Kennari metur nemendur bæði sem einstaklinga og hluta af hópnum. Hann metur hvernig nemandinn hlustar á aðra hópa og hvernig hann sem áhorfandi metur hvernig til hefur tekist. Nemendur meta eigið framlag: eigið verkefni, sjálfa sig sem hluta af hópi og nemendahópar meta sameiginlega vinnuna innan hópsins. Flestar matsaðferðir í leiklist eiga við á öllum stigum grunnskólans. Í lok smiðjunnar fá nemendur skjal sem staðfestir frammistöðu þeirra í leiklistinni.

Myndlist

Akrýlmálun

Hér er námskeið þar sem nemendur vinna frjálst að sinni listsköpun. Farið er í grunnatriði í akrýlmálun, skissuvinnu og mismunandi tækni kennd. Annars er nemendum frjálst að vinna með hugmyndir sínar og fá aðstoð þar sem þarf.



Nemendur gera nokkrar æfingar en málaðar eru tvær myndir á striga. Nemendur þurfa sjálfir að koma með striga eða kaupa hann af skólanum. Að námskeiðinu loknu fara nemendurnir heim með myndir sínar.

Jólasmiðja

Í þessari smiðju verður blandað saman vinnu í textíl og myndmennt. Þannig verða tímarnir fjölbreyttir og skemmtilegir. Bæði getur verið um skylduverkefni að ræða og frjálst val.

Tímarnir verða nýttir í að búa til jólaskraut og jólagjafir. T.d. verður hægt að leira skálar, þæfa utan um jólaseríur, búa til dyrakrans/aðventukrans og sauma út jólamyndir, mála málverk og fleira spennandi sem nemendur geta valið sjálfir.

Prentsmiðja

Hér er farið í margs konar myndlistarvinnu. Verkefnin eru fjölbreytt t.d. er skorið út í grafíkdúk og myndir þrykkar á þann hátt, einnig er farið í annars konar fjölfelldi, t.d. límþrykk, pappaprykk og kartöfluprykk. Grunnþættir myndlistar fléttast eflaust í kennsluna svo og listasaga og stefnur og straumar í myndlist. Nemendur kynnast nýjum hlutum sem ekki hefur verið farið mikið í áður en aðaláherslan er á að prenta myndir.



Margs konar myndlist

Þetta er tækifæri fyrir nemendur að fá að skapa sjálfir, vinna út frá eigin hugmyndum að myndverkum. Grunnþættir myndlistar eru hafðir í huga og nemendur fá útrás fyrir sköpunargleði sína. Unnið er með mismunandi miðla, s.s. málningu, blek, kol, blýant en einnig gifs, leir og annað mótunarefni. Í þessari smiðju er mikið frelsi. Nemendur sem það vilja geta unnið að sínu eigin verki undir handleiðslu kennara.

Smíðar

Trésmíði

Almenn trésmíði þar sem nemendur fá ákveðin verkefni og fá líka að njóta sín í sköpunarhæfni sinni með því að hanna, teikna og smíða sína hluti sjálfir þar sem kennarinn mun leiðbeina þeim í hönnunarferlinum.



Trésmíði II

Farið verður í almenna trésmíði með það í huga að leyfa nemendum að hanna og teikna sína hluti sjálfir. Ýmis hugmyndahönnun fer fram og mun kennari leiðbeina þeim í hönnunarferlinum.

Málmsmíði

Þar verður farið í undirstöðuatríði í málmsmíði og verða unnin ýmis verkefni tengt því t.d skeið, kökuspaði, skartgripir s.s hálsmen, nælur og hringir.

Hátæknival

Ýmis rafmagnsverkefni unnin sem nemendur fá að þróa sjálfir. Ýmis smíðavinna tengd rafmagnsvinnunni.

Textílmennt

Fjórskipt blönduð smiðja

Þessi smiðja verður fjölbreytt og margar aðferðir prófaðar

- Farið verður í þæfingu þar sem er þurrþæft og þæft með vatni og sápu. Bæði verður um skylduverkefni og val að ræða.
- Útsaumur, nemendur hafa val um nokkrar tegundir af útsaumi.
- Crazy quilt er bútasaumur þar sem við getum nýtt alls kyns efnisafganga í skemmtileg verkefni, í þessum hluta er möguleiki á að gera töskur, púða, myndir og fleira.
- Endurnýting og fatabreytingar, þar gefst nemendum kostur á að koma með flíkur að heiman til að breyta eða bæta – ekki er skylda að koma með föt að heiman þar sem einnig verður farið í endurnýtingu á alls kyns efnivið. Fjölbreytt og sniðug verkefni í boði.



Jólasmiðja

Í þessari smiðju verður blandað saman vinnu í textíl og myndmennt. Þannig verða tímarnir fjölbreyttir og skemmtilegir. Bæði getur verið um skylduverkefni að ræða og frjálst val.

Tímarnir verða nýttir í að búa til jólaskraut og jólagjafir. T.d. verður hægt að leira skálar, þæfa utan um jólaseríur, búa til dyrakrans/aðventukrans og sauma út jólamyndir, mála málverk og fleira spennandi sem nemendur geta valið sjálfir.

Prjón, hekl og útsaumur

Nemendur læra að prjóna og hekla eftir leiðbeiningum og uppskriftum. Einnig verður í boði að sauma út fyrir þá sem vilja. Hægt verður að gera t.d húfu, vettlinga, sokka, tösku eða hvað sem okkur dettur í hug. Miklir möguleikar og skemmtileg verkefni sem hægt er að prjóna, hekla eða sauma út handa sjálfum sér eða til gjafa.

Fatasaumur

Í þessari smiðju er farið í undirstöðuatriði fatasaums, nemendur læra að taka mál af líkamanum, taka upp snið og hvernig við nýtum efni. Við skoðum blöð og bækur sem vakið geta hugmyndir og veltum fyrir okkur efnisvali og hvað það getur haft mikil áhrif á flíkina. Farið er í saumataekni og nemendur sauma sér flík.

Tölvur

Stuttmyndagerð 1

Mismunandi æfingar í stuttmyndagerð, kvikmyndun og kvikmyndatöku, leik og eftirvinnslu. Ýmis verkefni unnin, sbr. ljóðskreyting, green screen, hljóð og mynd aðskilin, mismunandi sjónarhorn myndavélar, kvikmynd endurgerð, stop-motion, heimildarmynd, handritsvinna, stuttmynd og myndvinnsla fyrir birtingu á youtube. Unnið verður með hljóðeftirvinnslu í forriti eins og Garageband.

Myndvinnsla og forritun. Námskeiðið er í tveimur hlutum. Í fyrri hluta námskeiðs er farið í grunnþætti stafrænnar myndvinnslu. Námskeiðið er ætlað þeim sem eru að stíga sín fyrstu skref í myndvinnslu með myndforrit eins og Gimp og/eða unnið með Photoshop. Í seinni hluta námskeiðsins læra nemendur grunnatriði leikjaforritunar, t.d. gegnum Sphero-kúlur, Scrats og Alice.

Stuttmyndagerð 2

Framhaldsnámskeið fyrir þá sem hafa verið í *Stuttmyndagerð*. Í námskeiðinu er áhersla lögð á fagleg vinnubrögð, sbr. handrit, söguramma (story-boarding), aðskilda upptöku á hljóði og mynd og farið í uppbyggingu lýsingar og unnið með mismundandi leikmuni og aukahluti sem tilheyra kvikmyndun (trakk og dolly). Námskeiðinu er ætlað að þjálfar nemendur í upptökum með mismunandi aðferðum. Unnið verður með hljóðeftirvinnslu í forriti eins og Garageband. Rýnt verður í hvernig hægt er að nýta snjalltæki-síma til þess að taka upp myndskleið og auka gæði upptökunnar.

Fab-Lab

Námskeiðið byggist á því að nemendur geti nýtt sér helstu tæki og áhöld sem notuð eru í Fab-Lab. Geti þróað hugmyndir sínar sjálfstætt og undir leiðsögn kennara og nýti sér vinnuferlið frá hugmynd til afurðar með því að hanna og teikna og að lokum framleiða sína eigin afurð. Ítarlegar verður farið í alla hluti og nemendur vinna stærri verkefni en í 7. og 8. bekk.



Valhópar í 8. – 10. bekk

Einn 60 mínútna tími í viku verður ætlaður í val næsta vetur þar sem nemendur í 8. – 10. bekk munu blandast saman. Valtímabilin verða fjögur, tvö fyrir áramót og tvö eftir áramót. Sumt val er þess eðlis að það nær yfir tvö tímabil eða jafnvel fjögur. Hver nemandi á að velja sér tvo hópa númer 1, tvo númer 2 og tvo númer 3. Reynt verður að koma öllum í fyrsta val en reynslan sýnir að það er ekki alltaf hægt og því er mikilvægt að nemendur séu sáttir við allt sem þeir velja sér.

1. Freestyle

Finnt þér gaman að dansa? Ef svo er að þá er freestyle eitthvað fyrir þig.



Nemendur læra 1 - 2 dansa og er hver dans samsetning af mörgum flottum sporum. Ef vel gengur verður svo haldin danssýning (ekki skylda) fyrir aðra nemendur skólans.

2. Látum gott af okkur leiða

Hvað getum við gert til að bæta samfélagið okkar, skoðum möguleika á þeirri vinnu, saumum poka á pokastöðina, þrjónum bangsa í sjúkrabílinn, búum til skreytingar í skólann okkar og hugum jafnvel að árshátíð skólans.

3. Textílval

Kósýstundir í textílstofu þar sem unnið verður með ýmsar aðferðir textíla og skemmtileg verkefni unnin sem bæði verða skylduverkefni og val.



4. Förðun 1



Nemendur þurfa ekki að hafa neina þekkingu í greininni, heldur áhuga á förðun, tísku og almennri umhirðu, því byrjað verður alveg frá grunni. Farið er í gegnum meðhöndlun á vörum og áhöldum og umhirðu á húðinni. Einnig verða kennd grunnatriði förðunar og mismunandi förðunaraðferðir.

5. Tálgun

Farið verður í undirstöðuatriði tálgunar og fá nemendur að spreyta sig í nokkrum verkefnum.

6. Skólahreysti

Æft verður fyrir skólahreysti sem haldin er á Egilsstöðum árlega. Mikið þrek, armbeygjur, upphíingar, dýfur og hreystigrip.




7. Útivist



Nemendur fá að kynnst ýmiskonar útivist og fjallamennsku. Nemendur kynnst GPS, áttavita, hvernig á að lesa úr kortum og hvernig skal nota þetta allt. Nemendur læra að gera allskonar hnúta sem þeir síðan nota í klettaklifri og sigi. Farið verður yfir búnað til útivistar og hvernig maður undirbýr sig fyrir útivistarferðir. Kennslan fer bæði fram inni í kennslustofu og úti. Að sjálfsögðu fylgja þessu ýmsar gönguferðir og og því þurfa nemendur alltaf að koma vel klæddir í skólann á valdögum.


8. Íþróttaval



Í þessu vali verða hinar ýmsu íþróttagreinar teknar fyrir, fótbolti, handbolti, körfubolti, bandý, bandminton, blak og snjóboltastríð. Markmiðið er að allir taki vel á því og hafi gaman af.

9. Holl matreiðsla

Matreiðsla er sívinsæl enda lífsnauðsynlegt fyrir alla að borða. Í þessum tímum er unnið með þau svið matreiðslunnar sem snúa að hollustu.



10. Spilaval

Í valinu kynnumst við ýmiskonar spilum sem spiluð eru í smærri og stærri hópum. Spil eins og vist, marías, kasína, Hornafjarðarmanni, sagnamanni, kani o.m.fl. Allt spilað á venjuleg spil. Gömul spil sem við viljum ekki að gleymist.

11. Heimstyrjaldir

Valið fjallar um heimstyrjaldir í heiminum, farið verður í að skoða af hverju og hvers vegna var barist. Einnig skoðaðir nokkrir heimildarþættir um stríð og stríðsrekstur.

12. Heimavinna

Vantar þig aðstoð við heimanám? Langar þig að spjalla um heima og geima? Viltu reyna þig í stærðfræðispilum eða þrautum? Mælt er með því að þeir sem vilja fá ró og næði komi í þennan hóp. Þar verður nóg að gera en allt í rólegri kantinum.


13. Námstækni

Markmiðið með námstækni er að nemendur kynnist hugsun, viðhorfum og námsvenjum sem rannsóknir og reynsla hafa sýnt að eru árangursríkar. Ef þú átt í erfiðleikum með heimanám, námstækni, skipulag, próftöku og prófkvíða eða önnur vandamál sem tengjast náminu þá gæti þetta verið valið fyrir þig. M.a. verður farið í:

- Að skoða og meta eigin námsaðferðir og námsvenjur
- Skipulagningu á námi og áætlanir
- Lestur
- Minnis- og glósutækni
- Ritgerðarsmíð
- Markmið og ábyrgð
- Vinnulag í einstökum námsgreinum
- Skipulagningu á prófundirbúningi og próftöku

14. Golf

Þetta val er fyrir þá sem vilja læra golf eða verða betri í golfi. Staða, grip, sveifla og fleira kennt og æft. Þetta val verður einungis kennt á fyrra tímabilinu og þeir sem velja það verða sjálfir að koma með golfsettið.



15. Danska

Þetta val er fyrir nemendur í 9. og 10. bekk sem vilja verða betri í dönsku. Nemendur lesa smásögur og jafnvel skáldsögu og horfa á kvikmyndir og fjalla um þær.

16. Fingrasetning



Hér er farið í að æfa rétta fingrasetningu, læra stöðu bókstafa á lyklaborðinu til að æfa og bæta innsláttarhraða sinn án þess að þurfa að horfa á lyklaborðið.

17. Jörðin 1 og 2.

Nú eru komnar út tvær mismunandi þáttaraðir sem David Attenborough stýrir, teknar með 20 ára millibili. Í þessu vali horfum við á valda þætti og berum saman hvað hefur breyst.

Umræður eftir sýningarnar og við reynum að finna, á hvaða leið jörðin er og ef með þarf, hvað sé til ráða?



18. Náttúran í kringum okkur

Stuttar göngur og náttúruskoðun í nágrenni skólans. Við skoðum ýmislegt merkilegt hér á Höfn bæði í lífríkinu og í jarðfræði staðarins.



Áherslan er á að læra að meta það stóra en taka ekki síður eftir hinu smáa í umhverfinu okkar. Ef veður og aðstæður leyfa förum við líka í styttri ferðir og þá gæti verið að tveir eða þrír tímar verði teknir saman og þá hugsanlega verði valið okkar búið fyrir.

19. Goð og garpar í norrænni goðafræði.

Í þessu vali lærum við um gömlu goðin í Ásatrúnni og fyrir hvað þau stóðu. Lesum saman sögur af þeim og þeim mönnum sem goðin höfðu ást á. Við skoðum líka samskiptatæki manna og ása → rúnirnar og nemendur fá að reyna sig við að læra að rita og spá með rúnum.



20. Kátakot

Finnst þér gaman að vera með börnum? Kanntu skemmtilega leiki, bæði inni og úti sem þú gætir kennt og farið í með yngri börnum? Í Kátakoti eru börn í 1.-4. bekk sem langar mikið að fara í leiki með eldri krökkum. Þetta val gæti verið á öðrum dögum en fimmtudögum og þá verið frá kl. 14:30-16:00 en þá fellur fimmtudagstíminn niður í staðinn. Ef þetta er eitthvað fyrir þig skaltu endilega skrá þig í þetta val.



Val fyrir 10. bekk í FAS

ENSKA 1. áfangi - Lestur, hlustun, orðaforði - kennt fyrir áramót

Lestur almennra og sérhæfðra texta sem ekki eru einfaldaðir. Unnið með orðabók þar sem það á við. Aukin áhersla á að nemendur tjái sig frjálst og óbundið. Markvissar hlustunaræfingar. Áhersla lögð á að byggja upp og auka við hagnýtan orðaforða með margvíslegum æfingum á öllum færnisviðum. Enskt talmál æft, m.a. í tengslum við les- og hlustunarefni. Í skriflega þættinum er gerð krafa um flóknari setningaskipan, nákvæmari orðaforða og skipulegri framsetningu en í fyrri áfanga.

Kennt kl. 8:00 – 9:00 mánudaga, þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga að hluta á sama tíma og smiðjur. Til að geta valið þennan áfanga þurfa nemendur að hafa náð 8,5 í meðaleinkunn við lok 9. bekkjar. Framhaldsáfangi er kenndur eftir áramót.

ÞÝSKA 1. áfangi - Framburður og orðaforði - kennt fyrir áramót

Í upphafi verða kynnt nokkur meginatriði um þýskumælandi lönd (svo sem lega, stærð og íbúafjöldi), helstu samskipti milli þeirra og Íslands (t.d. verslun, ferðamennska og framhaldsnám) og skyldleiki íslensku og þýsku. Síðan er unnið með einfalda texta sem tengjast reynsluheimi nemendanna. Lögð er megináhersla á þjálfun framburðar, uppbyggingu og notkun orðaforða um nánasta umhverfi, munnlega og skriflega tjáningu, hlustun og grunnatriði málfræðinnar sem nauðsynleg eru til að mynda einfaldar aðalsetningar og spurningar.

Kennt verður kl. 14:00 – 15:00 mánudaga, þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga að hluta á sama tíma og smiðjur. Til að geta valið þennan áfanga þurfa nemendur að hafa náð 8,5 í meðaleinkunn við lok 9. bekkjar. Framhaldsáfangi verður kenndur eftir áramót. Ekki verður aukaakstur út af þessu vali í sveitir og þurfa foreldrar sjálfir að sjá um akstur sem af því hlýst.

DANSKA 1. áfangi - Skilningur, tjáning, menning II - kennt eftir áramót

Í áfanganum er lögð áhersla á að nemendur geti skilið inntak ritmáls- og tal-málstexta sem fjalla um nokkuð sérhæft efni sem þeir þekkja til eða hafa áhuga á. Nemendur eru þjálfaðir í að nota algeng orð og orðasambönd í ræðu og riti. Talþjálfun miðar að því að nemendur læri að orða hugsanir sínar skýrt og skilmerkilega í samtölum og frásögnum. Nemendur eru þjálfaðir í að beita mismunandi stílbrögðum við ritun texta.

Að öllum líkindum kennt kl. 9:00 mánudaga, þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga. Til að geta valið þennan áfanga þurfa nemendur að hafa náð 8,5 í meðaleinkunn við lok 9. bekkjar.

Grunnteikning

Teiknilestur I, tegundir lína, teikniáhöld, tekniskrift. Einfaldar hornréttar fallmyndir, mælikvarðar, málsetning, flatarteikning og fríhendisteikning.

Kennt ef þátttaka verður næg. Engar forkröfur eru til að geta valið grunnteikningu. Stefnt er að því að kenna grunnteikningu kl. 15:00 – 16:00 mánudaga – fimmtudaga. Ekki verður aukaakstur út af þessu vali í sveitir og þurfa foreldrar sjálfir að sjá um akstur sem af því hlýst.

Smiðjur

Hér á eftir verða talin upp viðfangsefni í smiðjum, alls 25 viðfangsefni. Hver nemandi er beðinn um að velja fjögur viðfangsefni sem hann á að merkja númer eitt, fjögur númer tvö og fjögur númer þrjú og dreifa því jafnt yfir árið.

Reynt er að láta fyrsta val ganga upp hjá öllum en oft gengur það ekki upp og því þarf að hafa hitt til vara. Því er mikilvægt að nemendur vandi valið og séu reiðubúnir að standa við það. Athugið, það má velja sömu greinina á öllum tímabilum t.d. smíðar ef áhuga er á því.

Fyrir áramót

1. Heimilisfræði

Almenn matreiðsla ()
Matur og menning ()

2. Leiklist

Frá handriti á svið ()
Semjum leikrit ()

3. Myndlist

Akrýlmálun ()
Jólasmiðja ()

4. Smíðar

Trésmíði ()
Trésmíði II ()

5. Textílmennt

Fjórskipt blönduð smíðja ()
Jólasmiðja ()

6. Tölvur

Stuttmyndagerð 1 ()

7. Fab-Lab

()

Eftir áramót

Kökur, brauð og ábætisréttir ()
Heilsuefning og heimilisl. matur ()

Trúðleikur ()

Prentsmiðja ()

Margs konar myndlist ()

Málmsmíði ()

Hátæknival ()

Þrjón, hekl og útsaumur ()

Fatasaumur ()

Myndvinnsla og forritun ()

Stuttmyndagerð 2 ()

Valblað

Nafn: _____

bekkur: _____

Val fyrir 10. bekk í FAS

Athugið að þeir nemendur í 10. bekk sem velja ENS þurfa ekki að velja smiðjur því þeir verða í ensku á sama tíma og smiðjurnar verða kenndar.

ENSKA 1. áfangi	Lestur, hlustun, orðaforði	()
ÞÝSKA 1. áfangi	Framburður og orðaforði	()
DANSKA 1. áfangi	Skilningur, tjáning, menning	()
GRUNNTEIKNING		()

Valhópur

Nú átt þú að velja þér valhópa fram að jólum. Þú átt að velja fyrir tvö tímabil þannig að þú þarft að velja 1 tvisvar sinnum, 2 tvisvar og 3 tvisvar sinnum. Reynt er að koma sem flestum í 1. val en ef það tekst ekki þá er notað 2. eða 3. val.

Munið – þetta eru síðust val tímabilin ykkar svo það er um að gera að velja vel!

Freestyle	()	Látum gott af okkur leiða	()
Textílval	()	Förðun 1	()
Tálgun	()	Skólahreysti	()
Útivist	()	Íþróttaval	()
Holl matreiðsla	()	Spilaval	()
Heimstyrjaldir	()	Heimavinna	()
Námstækni	()	Golf	()
Danska	()	Fingrasetning	()
Jörðin 1 og 2	()	Náttúran í kringum okkur	()
Kátakot	()	Goð og garpar í norrænni goðafræði	()

Ath. Við skólaþátttöku verður þér gefinn kostur á að sjá í hvaða vali þú hefur lent. Ef þér þykir eitthvað athugasemjulegt við það mátt þú koma með foreldrum þínum og ræða breytingar. **Eftir það verður ekki hægt að breyta.**

Ef einhverjar spurningar vakna varðandi valið þá vinsamlegast hafið samband við Eygló.

Vinsamlegast skilið valblaði fyrir 12. maí 2017